




Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð



Efni: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um afnám skilyrða um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið til að fá leikskólavist - R18090138

Lagt var til að Reykjavíkurborg afnemi skilyrðin um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda, sem skilyrði fyrir leikskóladvöl barna.

Greinargerð:

Undir liðnum „Hverjir eiga rétt á þjónustunni“ á vefsvæði Reykjavíkurborgar um leikskóla, kemur fram að „Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að lögheimili barnsins og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.“ Foreldrar sem eru í vanskilum við skóla- og frístundasvið geta leitað úrlausna hjá félagsráðgjöfum á þjónustumiðstöðum borgarinnar. Þar geta foreldrar sótt um aðstoð vegna greiðslu vangoldinna gjalda og getur slíkt jafnvel leitt til afskrifta skulda. Þó að mat á leikskólaumsókn taki tillit til aðstæðna foreldra og forsjáraðila hverju sinni, þá er mikilvægt að afnema skilyrðin um að foreldrar séu ekki í vanskilum, svo þau hafi ekki fráhrindandi áhrif þegar sótt er um leikskóladvöl.

Reykjavíkurborg starfar eftir verklagsreglum vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn, þar sem markmiðið er að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra. Þær verklagsreglur eru hinsvegar ekki mjög sýnilegar á vefsvæði borgarinnar um leikskóla en þær má hinsvegar finna beint inni á vefsvæði Reykjavíkurborgar um frístundarstarf. Þó að verklagsreglurnar miði að því að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra, þá fjalla verklagsreglurnar einna helst um leiðir til að koma í veg fyrir uppsögn barna en síður um hvernig vanskil hafa áhrif á inngöngu barna í leikskólum eða í öðrum stofnunum borgarinnar. Því er mikilvægt að leggja niður skilyrðin um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið og að úrræðum sem foreldrum leikskólabarna í vanskilum standi til boða séu gerðar sýnilegar. Þar sem foreldrar í vanskilum geta hvort eð er unnið sig í kringum þessi skilyrði, með því að leita úrræða við að greiða niður vangoldin gjöld hjá skóla- og frístundasviði, þá er ljóst að skilyrðin virðast ekki skipta sköpum til að byrja með og því ætti að vera lítið mál að fella þau niður.

Verklagsreglur tilgreina að forsenda fyrir aðstoð við skuldavanda sé háð því að skuldari panti viðtal hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð og skili nákvæmum upplýsingum um tekjur, eignir og útgjöld. Það liggur síðan til grundvallar mati á því hvort skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt verklagsreglum þessum séu uppfyllt ásamt faglegu mati á félagslegum aðstæðum

og að teknu tilliti til barnaverndarsjónarmiða. Einnig kemur fram að réttur skuldara til annarrar aðstoðar við lausn á greiðsluvanda skuli kannaður áður en mat er lagt á aðstæður skuldara. Við mat á greiðsluvanda skuldara er miðað við tekjur skuldara og maka hans síðasta mánuð áður en sótt er um og mánuðinn þar á undan. Þar að auki er framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara haft til viðmiðunar, auk þess sem tillit er tekið til annarra fastra útgjalda, s.s. rafmagns, hita, trygginga, húsaleigu, leikskólagjalda, fasteignagjalda og fleira samkvæmt greiðsluseðlum.

Verklagsreglurnar taka fram að við loknu faglegu mati á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum skuldara og að teknu tilliti til barnaverndarsjónarmiða skilar félagsráðgjafi álit um félagslegar aðstæður, greiðsluvilja og greiðslugetu skuldara til þess að greiða vangoldin gjöld hjá skóla- og frístundasviði ásamt tillögu að samningi um greiðslu vanskila og áfallandi reikninga með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Tillaga félagsráðgjafa getur meðal annars falið í sér beiðni um að afskrift vanskila verði send til afskriftarnefndar. Innheimtustjóri skóla- og frístundasviðs metur tillögur félagsráðgjafa og vísar erindinu áfram til sviðsstjóra sem tekur ákvörðun um hvort gerður verði samningur og/eða mælt verði með afskrift vanskila við afskriftarnefnd.

Slíkt ferli tekur tíma og þó það komi skýrt fram í verklagsreglum að uppsögn barna frestist á meðan foreldri leitar aðstoðar félagsráðgjafa, þá kemur ekki fram hvernig málum er háttað þegar verið er að sækja um leikskóladvöl barna sem hafa ekki fengið úthlutað pláss. Þar er ekki skýrt hvort að börn fái leikskóladvöl samþykkt svo framarlega sem foreldrar í skuldavanda vinni með félagsráðgjafa vegna skuldavanda eða hvort að slíkt þurfi að afgreiða áður en barn getur fengið umsókn samþykkt. Ef allra leiða hefur verið leitað við að fá skuldara til að greiða vangoldin gjöld án árangurs, þá ber aldrei að refsa börnum fyrir efnahagsstöðu eða félagslega stöðu foreldra sinna og með því að meina þeim aðgang að leikskóladvöl er verið að svipta rétt þeirra til náms. Þó að Reykjavíkurborg sé með verklagsreglur sem eiga að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunn- þjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra, þá er það háð ákveðnu ferli sem foreldrar eða forsjáraðilar skuldbinda sig í og er staða barnsins því háð því hvort að foreldrið fylgi öllum skrefum þar eftir. Öll börn eiga að komast inn á leikskóla óháð stöðu foreldra eða forsjáraðila og óháð því hvort verið sé að vinna úr skuldavanda hjá félagsráðgjafa eður ei. Það á ekki að bitna á börnum ef foreldrar hafa ekki gengið í gegnum allt ferlið sem tilgreint er í verklagsreglum vegna vanskila foreldra/forsjármanna. Með barnaverndarsjónarmið að leiðarljósi er nauðsynlegt að afnema skilyrðin um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið sem forsendu þess að barn fái leikskóladvöl samþykkt.

Umsögn SFS

Í 2. grein reglna um leikskólaþjónustu segir:

„2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og fóst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.“

Sl. 3 ár a.m.k. hefur engu barni verið synjað um leikskólavist af SFS vegna vanskila foreldra

Verklag:


1. Þegar sótt er um leikskólavist þá fær foreldri upplýsingar um hvort vanskil séu til staðar.
2. Öllum foreldrum sem hafa samband býðst að fá úrlausn mála með greiðsludreifingu vanskila í samræmi við greiðslugetu þeirra. Þeim sem ekki telja sig geta greitt er bent á fjárhagsaðstoð Velferðarsviðs. Á sl. 3 árum hafa komið upp 2-3 tilfelli þar sem skuldara hefur verið vísað þangað.

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/verklagsreglur_0.pdf nda

3. Ekki liggja fyrir upplýsingar um foreldra sem ekki hafa samband um úrlausn sbr. 2.
4. Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá SFS um afgreiðslu slíkra mála hjá Velferðarsviði.
5. Um leið og fyrir liggur að foreldrar hafa leitað til SFS um samkomulag um greiðslu vanskila þá fær viðkomandi barn leikskólavist. Sama á við ef staðfesting liggur fyrir um að skuldavanda hafi verið vísað til Velferðarsviðs.

Það er mat SFS að ofangreint regluverk sé traust.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs